

Kosningum skv. 52. gr. og kosningu endurskoðenda bæjarsjóðs og fyrirtækja bæjarins fyrir reikningsárið 1962, skal lokið í tæka tíð á árinu 1962.

Kosningar skv. B-lið 53. gr. skulu fara fram í fyrsta sinn á fundi bæjarstjórnar í október 1962.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Húsavíkurkaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. marz 1961, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin samþykkt um stjórn bæjarmálefna Húsavíkurkaupstaðar nr. 216 11. október 1950.

Félagsmálaráðuneytið, 1. október 1962.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

G J A L D S K R Á

fyrir Hitaveitu Reykjavíkur.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi Hitaveitunnar.

Verður vatnsrennsli að húsinu takmarkað um hemil, eftir því sem þörf krefur.

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli kr. 4.77 fyrir hvern rúmmetra vatns. Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp, og ef vatnsmælir bilar, áætlar Hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

4. gr.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæla skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera fyrir hvern mæli á mánuði:

| | |
|---|-----------|
| a. Fyrir mæla allt að $\frac{3}{4}$ " | kr. 30.00 |
| b. Fyrir mæla allt að 1—2" | — 75.00 |
| c. Fyrir mæla allt að 3" | — 270.00 |

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 3. og 4. gr. verða krafín mánaðarlega, þegar eftir mælis-álestur.

Þó er heimilt að láta liða lengri tíma en einn mánuð á milli álestra og fækka gjalddögum.

6. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningu um reikningsupphæð. Sé reikningur ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann þar sem Hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

II. KAFLI

7. gr.

Heimæðagjald Hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss
(utanmál) m³:

Heimæðagjald:

| | | | | | |
|----------------|----------|-------|----------------------|----------------------|----------|
| Allt að 400 | 8000 kr. | | | | |
| 400— 2000 | 8000 — | fyrir | 400 m ³ + | 16 kr/m ³ | þar yfir |
| 2000— 6000 | 33200 — | — | 2000 — | + 14 — | — — |
| 6000—10000 | 89200 — | — | 6000 — | + 13 — | — — |
| meira en 10000 | 141200 — | — | 10000 — | + 12 — | — — |

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum mælum frá Hitaveitunni og skal þá greiða kr. 1500 í aukagjald fyrir hvern mæli umfram hinn fyrsta.

8. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðagjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 5 árum, ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

9. gr.

Gjalddagi heimæðagjaldsins er hinn 1. næsta mánaðar eftir að húsið fær samband við hitunarkerfi borgarinnar. Með samningi við húseiganda má þó veita gjaldfrest á heimæðagjaldirinu, þannig að það verði greitt að fullu með allt að 5 jöfnum árlegum afborgunum, enda sé slíkur samningur gerður fyrir gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af þeim hluta gjaldsins, sem eftir stendur á hverjum tíma.

III. KAFLI

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

11. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð þess viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er og að loka vatnsrennsli að húsi, sem vangreidd eru af hitaveitugjöld.

Fyrirætlun um að loka, ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur, kr. 25.00 hverju sinni.

12. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitunnar skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna. Er

húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

IV. KAFLI

13. gr.

Gjaldskrá þessi tekur gildi frá álestursdegi í október 1962.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 38 12. febrúar 1940 til að öðlast þegar gildi.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá fyrir Hitaveitu Reykjavíkur nr. 71 13. maí 1960 og breyting á þeirri gjaldskrá nr. 78 14. júlí 1961.

Félagsmálaráðuneytið, 2. október 1962.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 165.

REIKNINGAR BÚNAÐARBANKA ÍSLANDS

Ársreikningur 1961.

Efnahagsreikningur sparisjóðsdeildar Búnaðarbanka Íslands með útibúum 31. des. 1961.

Eignir :

| | | |
|---|-------------------|--------------------|
| 1. Skuldabréf fyrir lánum: | | |
| a. Fasteignaveðslán | kr. 27 807 734.93 | |
| b. Sjálfskuldarábyrgðarlán | — 19 505 342.78 | |
| c. Sveitarstjórnarlán | — 501 232.50 | |
| d. Reikningslán | — 29 908 238.95 | |
| | | kr. 77 222 549.16 |
| 2. Vixlar | — 183 115 660.98 | |
| 3. Lán í hlaupareikningi | — 104 647 069.74 | |
| 4. Verðbréf | — 82 875 598.83 | |
| 5. Innanstokksmunir | — 2 679 838.26 | |
| 6. Fasteignir | — 6 758 227.13 | |
| 7. Veðdeild | — 2 059 711.45 | |
| 8. Tryggingar fyrir ábyrgðum | — 12 330 705 57 | |
| 9. Innheimtur | — 12 128 282.71 | |
| 10. Ýmsir skuldunautar | — 7 736 574.79 | |
| 11. Bankainnstöða og peningar í sjóði | — 59 899 228.57 | |
| | | Kr. 551 953 447.19 |

Skuldir :

| | |
|--------------------------------|--------------------|
| 1. Innstöða í sparisjóði | kr. 384 229 058.69 |
| 2. — á viðtökuskírteinum | — 3 758 012.87 |
| 3. — í hlaupareikningi | — 64 692 859.05 |
| 4. — í reikningslánum | — 1 092 551.67 |